

153. löggjafarþing 2022–2023.

Þingskjal x — x. mál.

Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um tæknifrjógungun og notkun kynfrumna og fósturvísanna til stofnfrumurannsóknna, nr. 55/1996 (geymsla og nýting fósturvísanna og kynfrumna).

Frá heilbrigðisráðherra.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:

Nú er hámarksgeymslutími kynfrumna ekki liðinn en sá sem lagði til kynfrumur andast og skal þá eyða ónotuðum kynfrumum nema samþykki hins látna liggja fyrir um notkun eftirlifandi maka á þeim við tæknifrjógungun eða tilgangur geyslunnar hafi verið gjöf kynfrumna til notkunar við tæknifrjógungun.

b. 4. mgr. orðast svo:

Nú er hámarksgeymslutími fósturvísanna ekki liðinn en þar sem samþykkti geyslu fósturvísanna slítur hjúskap eða sambúð sinni og skal þá eyða fósturvísunum nema samþykki kynfrumugjafa um notkun fyrirverandi maka á fósturvísunum liggja fyrir. Sama gildir ef annar aðilinn andast nema samþykki kynfrumugjafa um notkun eftirlifandi maka á fósturvísunum liggja fyrir eða um gjöf kynfrumna til notkunar við tæknifrjógungun hafi verið að ræða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í heilbrigðisráðuneytinu og felur í sér breytingu á ákvæðum laganna sem kveða á um eyðingu kynfrumna og fósturvísanna við andlát eða sambúðarslit þrátt fyrir að geymslutími þeirra sé ekki liðinn. Frumvarpið miðar að því að virða vilja þess sem hefur í tengslum við tæknifrjógungunarferli geymt kynfrumur eða fósturvísanna. Lýtur sú breyting að því að einstaklingum er heimilt að samþykkja notkun fyrirverandi eða eftir atvikum eftirlifandi maka á kynfrumum eða fósturvísunum en ekki skal sjálfkrafa eyða kynfrumum eða fósturvísunum ef svo ber undir að annar aðilinn andast eða hjúskap eða sambúð aðila lýkur.

Í frumvarpinu er annars vegar lagt til að kynfrumum einstaklings, sem lagt hefur til kynfrumur í tæknifrjógungunarferli með maka sínum en andast síðar, sé ekki sjálfkrafa eytt ef fyrir liggur upplýst og skriflegt samþykki viðkomandi um að eftirlifandi maka sé heimilt að nýta kynfrumurnar sjálfur.

Í frumvarpinu er hins vegar lagt til að andlát eða slit sambúðar eða hjúskapar leiði ekki sjálfkrafa til þess að þeim fósturvísunum, sem einstaklingarnir sem stóðu að tæknifrjógunguninni og eiga í geyslu í kjölfar meðferðar, skuli undantekningarlaust eyða. Nýting fósturvísanna sem

fást með tæknifrjógvunarferli skal því ekki vera háð því að upphaflegt sambúðarform þeirra einstaklinga sem stóðu að tæknifrjógvun haldist heldur skal byggja á upplýstu og skriflegu samþykki þeirra einstaklinga sem lögðu til kynfrumurnar. Sama á við ef annar einstaklingurinn sem stóð að tæknifrjógvun andast. Þessi undantekning heimilar eingöngu þeim aðilum sem upphaflega stóðu að tæknifrjógvuninni að nýta viðkomandi kynfrumur eða fósturvísu.

Þessi kafli er í vinnslu.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Í ljósi sífellt fjölbreytilegri fjölskylduforma geta komið upp tilvik sem gildandi lög ná ekki til eða hreinlega bjóða upp á mismunun. Nefna má sem dæmi þegar tvær konur sem eignast fósturvísu í hjónabandi eða sambúð með gjafasæði og kynfrumum annarrar þeirra. Samkvæmt gildandi lögum ber að eyða fósturvísunum ef þær slíta hjúskap eða sambúð, þrátt fyrir að vilji beggja standi til þess að sú sem lagði til kynfrumurnar eða þær báðar nýti fósturvísana. Sama staða er uppi ef gagnkynhneigt par slítur hjúskap eða sambúð en þrátt fyrir skilnað vill það nýta þá fósturvísana sem parið á í geymslu.

Gildandi lög eru með þeim hætti að þau virða ekki vilja kynfrumgjafa að nýta kynfrumur eða fósturvísu sem lögð hafa verið til í tæknifrjógvunarferli pars ef til skilnaðar eða andláts kemur og kveða á um mismunandi reglur um eyðingu fósturvísu eftir fyrri hjúskaparstöðu. Þannig er nú verið að mismuna aðilum eftir því hvort viðkomandi lagði til kynfrumur í tæknifrjógvunarferli með maka sínum eða lagði þær til sem gjöf.

Nauðsynlegt er að löggjöfin bjóði ekki upp á mismunandi reglur eftir fyrri sambúðarstöðu og að einstaklingum verði í sjálfsvald sett að ákveða geymslu og notkun á fósturvísu með upplýstu samþykki. Um er að ræða mikið réttlætismál og ríkir hagsmunir standa til þess að þessu verði breytt.

Þessi kafli er í vinnslu.

3. Meginefni frumvarpsins.

Við setningu laganna var upphaflega byggt á því skilyrði að kona, sem undirgengst tæknifrjógvun, væri í hjúskap eða sambúð með karli. Í samhengi við breytta samfélagsgerð og jafnrétti hafa lögin þó tekið töluverðum breytingum frá setningu þeirra til þess að jafna réttarstöðu karla og kvenna, þeirra sem breytt hafa kynskráningu sinni, gagnkynhneigðra og samkynhneigðra og einstæðra og para í hjúskap eða sambúð.

Með lögum nr. 64/2005 tóku gildi ákvæði í ýmsum lögum til að tryggja réttindi samkynhneigðs fólks, þ. á m. var réttarstaða samkynhneigðra til að geta gengist undir tæknifrjógvun gerð sú sama og gagnkynhneigðra. Þegar lögnum um tæknifrjógvun og notkun kynfrumna og fósturvísu manna til stofnfrumurannsókna var breytt með lögum, nr. 54/2008, var einhleypum konum veitt heimild til þess að gangast undir tæknifrjógvunarmedferð. Tekið var fram í frumvarpi til framangreindra laga að þegar einhleyp kona elur barn sem getið er við tæknifrjógvun sé það meðvituð ákvörðun sem einhleypar konur taka, að uppfylltum skilyrðum, eftir að hafa metið aðstæður sínar og hæfni sem uppalanda, bæði með tilliti til líkamlegrar heilsu sinnar, félagslegrar og fjárhagslegrar stöðu. Skilyrði fyrir tæknifrjógvun eru þau sömu hjá einhleypum konum og öðrum konum.

Í þessu frumvarpi er lagt til að breyta ákvæðum laganna sem kveða á um eyðingu kynfrumna eða fósturvísu við andlát eða sambúðarslit þrátt fyrir að geymslutími þeirra sé ekki liðinn. Breytingin miðar að því að fela einstaklingunum ákvörðunarvald yfir því hvort kynfrumum eða fósturvísu sé eytt við framangreindar aðstæður og jafnframt heimila

eftirlifandi eða fyrrverandi maka að nýta eftir atvikum kynfrumur eða fósturvísa sem einstaklingar lögðu til í tæknifrjógunarferlinu. Með þessum hætti er afnumin sú mismunun sem óbreytt ákvæði laganna fela í sér.

Noregur.

Í Noregi leiðir andlát einstaklings, sem stóð að tæknifrjógun ásamt maka sínum og á í geymslu kynfrumur eða fósturvísa í kjölfar meðferðar, ekki sjálfkrafa til þess að kynfrumum eða fósturvísunum sé eytt. Eftirlifandi maka er heimilt, ef samþykki hins látna liggur fyrir, að nýta kynfrumur eða fósturvísana. Eftirlifandi maki þarf að vera einhleypur og fullnægja þeim skilyrðum sem löggin setja fyrir tæknifrjógun.

Slit á hjúskap eða sambúð leiðir heldur ekki sjálfkrafa til eyðingar á kynfrumum eða fósturvísunum. Ef egg konu hefur verið frjóvgað með gjafasæði þarf ekki að liggja fyrir samþykki fyrrverandi maka.

Danmörk.

Í Danmörku er ekki gerð krafa um það í lögum að þeir einstaklingar sem standa að tæknifrjógun séu í sambúð eða hjúskap. Löggjafinn hefur í raun látið fólki það eftir að ákveða sjálfst hvenær tengsl þeirra við annan einstakling séu slík að þeir teljist par. Ekki eru notuð hugtök í lögnum sem jafna má til hjúskapar eða sambúðar.

Svíþjóð.

Bretland.

Í Bretlandi er ekki gerð krafa í lögum um tæknifrjógun að þeir einstaklingar sem standa saman að tæknifrjógun séu í sambúð eða hjúskap. Bæði sæðisgjafi og móttakandi þurfa aftur á móti að lýsa því yfir að á milli þeirra sé náið líkamlegt samband og er sú yfirlýsing forsenda skilgreiningar á því hvað telst par í skilningi laganna. Í breskri löggjöf byggist ráðstöfun fósturvísa einnig á samþykki hlutaðeigandi og eru ítarlegar kröfur um samþykki vegna ýmissa ráðstafana sem tengjast tæknifrjógun og afturköllun þess í lögnum.

Spánn.

Á Spáni er þess ekki krafist í lögum að einstaklingar sem standa saman að tæknifrjógun séu í sambúð eða hjúskap. Sömuleiðis er þess ekki krafist í lögum að eyða skuli fósturvísunum í geymslu ef þeir sem að tæknifrjógun stóðu slíta sambandi sínu á einhverjum tímapunkti. Konan eða báðir foreldrar verða að veita upplýst samþykki fyrir notkun fósturvísa hvort sem er til gjafar eða rannsókna.

Þessi kafli er í vinnslu.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Efni frumvarpsins gefur ekki tilefni til að ætla að það stangist á við stjórnarskrá eða alþjóðlegar skuldbindingar. Þvert á móti er breytingunum ætlað að tryggja þau réttindi sem felast í 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs og 65. gr. stjórnarskrárinnar um jafnrétti.

Þessi kafli er í vinnslu.

5. Samráð.

Þessi kafli er í vinnslu.

6. Mat á áhrifum.

Þessi kafli er í vinnslu.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a-lið er lögð til breyting á 3. mgr. 10. gr. laganna en í gildandi ákvæði er kveðið á um að þrátt fyrir að hámarksgeymslutími kynfrumna sé ekki liðinn skuli eyða ónotuðum kynfrumum ef sá sem lagði til kynfrumurnar andast nema tilgangur geymslunnar hafi verið gjöf kynfrumna til notkunar við tæknifrjógvun. Kynfrumum einstaklings sem lagt hefur til kynfrumur í tæknifrjógvunarferli með maka sínum en andast síðar er eytt þrátt fyrir að vilji viðkomandi standi jafnvel til annars. Upp hafa komið tilvik þar sem pör eru í tæknifrjógvunarferli en annar einstaklingurinn veikist lífshættulega. Til að komast hjá því að mögulega þurfi að eyða kynfrumum líkt og lögin kveða á um hefur þegar svo ber undir verið farin sú leið að breyta tilgangi geymslunnar með þeim hætti að um sé að ræða gjöf kynfrumna til notkunar við tæknifrjógvun. Þannig er nú verið að mismuna stöðu aðila eftir því hvort viðkomandi lagði til kynfrumur í tæknifrjógvunarferli með maka sínum eða lagði þær til sem gjöf. Í frumvarpinu er því lagt til að afnema þá skyldu ákvæðisins, þegar ekki er um gjöf á kynfrumum að ræða, að eyða kynfrumum ef fyrir liggur upplýst samþykki þess aðila sem lagði til kynfrumurnar um að slíkt skuli ekki gera. Breytingin felur í sér að ekki skuli sjálfkrafa eyða kynfrumum sem eru í geyslu í tengslum við tæknifrjógvunarferli pars ef kynfrumugjafinn andast. Heldur sé eftirlifandi maka, sem stóð að tæknifrjógvunarferlinu með hinum látna, heimilt að nýta kynfrumurnar ef skýrt samþykki hins látna liggur fyrir um slíkt. Eingöngu eftirlifandi maka er heimilt að nýta kynfrumurnar en með maka er átt við einstakling sem var í hjúskap eða skráðri sambúð með hinum látna. Eðli málsins samkvæmt getur eingöngu leghafi nýtt sér framangreinda heimild.

Í b-lið er lögð er til breyting á 4. mgr. 10. gr. laganna að ekki skuli sjálfkrafa eyða fósturvísi ef þar sem samþykkti geyslu fósturvísana slítur hjúskap eða sambúð sinni ef samþykki kynfrumugjafa á notkun fyrrverandi maka á fósturvísunum liggur fyrir. Sama gildir ef annar aðilinn andast. Eðlilegt er að fólk geti tekið ákvörðun um, ef samþykki beggja liggur fyrir, að nýta fósturvísa sína þrátt fyrir sambúðarslit eða eftir atvikum andlát. Gjöf fósturvísa er óheimil samkvæmt lögnum. Eingöngu fyrrverandi eða eftir atvikum eftirlifandi maka er heimilt að nota fósturvísana en með maka er átt við einstakling sem var í hjúskap eða skráðri sambúð með hinum látna. Eðli málsins samkvæmt getur eingöngu leghafi nýtt sér framangreinda heimild.

2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.